

Nd.

50. Frumvarp til laga

um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi verzlunarlóðina á Sauðárkróki, eins og hún er ákveðin með lögum 28. nóv. 1919, og fari salan fram frá 1. jan. 1947 að telja.

Land það eða lóðir, sem Sauðárkrókshreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja þær, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur bæjarstjórn kaupstaða og hreppsnefndum kauptúna orðið það ljósara með hverju ári, sem hefur liðið, hver nauðsyn það er bæjarfélagi og kauptúni að eiga það land, sem kaupstaðurinn eða kauptúnið er reist á. Hefur margt stutt að þessu, en áþreifanlegast hefur þessum aðilum orðið það við framkvæmd skipulagsuppráttanna.

Yfirleitt hefur Alþingi brugðizt vel við þessari nauðsyn kaupstaða og kauptúna. Þannig samþykkti Alþingi 1942 að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjújörðina Hvanneyri, en þar með fylgdu mestallar byggingarlóðir kaupstaðarins, sem er að mestu byggður í Hvanneyrarlandi. Fleiri dæmi mætti nefna, en þess gerist ekki þörf. Frv. þetta er af sama toga spunnið, nauðsyn Sauðárkrókskaupþúns, og er flutt samkvæmt eindreginni ósk hreppsnefndarinnar. Nánari greinargerð fyrir frv. felst í fylgiskjalinu.

Fylgiskjal.

ODDVITI SAUÐÁRKRÓKSHREPPS

Sauðárkróki, 18. sept. 1946.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt á fundi hreppsnefndar í gær:

„Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps felur þingmönnum kjördæmisins að fá samþykkt á Alþingi lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Sauðárkrókshreppi verzlunarlóðina á Sauðárkróki.“

Til efni tillögu þessarar er það, að Sauðárkrókshreppur kaupir af ríkissjóði jörðina Sauða, en Sauðárkrókur er byggður úr landi jarðarinnar, og er afsal ríkissjóðs dags. 12. nóv. 1927. Þá er verzlunarlóðin, eins og hún er ákveðin með lögum frá 28. nóv. 1919, undanskilin í kaupunum.

Það hefur komið mjög greinilega fram á síðustu árum, ekki sízt við framkvæmd skipulagsuppráttar kaupþúnsins, að það er mjög óþægilegt, að Sauðárkrókshreppur skuli ekki hafa ráðstöfunarrétt á byggingarlóðum kaupþúnsins, t. d. ef tekin er smáræma af lóð einhvers undir götu, að geta þá ekki haft skipti á annarri smáræmu, sem ef til vill er óútmæld mjög nærri. Einnig virðist það óeðlilegt, að hreppurinn þurfi að greiða ríkissjóði lóðargjald af landi, sem leggst undir götur og borg.

Lóðargjöld til ríkissjóðs hafa verið röskar níu hundruð krónur á ári hingað til, en hafnarnefnd hefur nú tryggt sér ráðstöfunarrétt á Eyrinni og fengið hana útmælda og þarf að greiða röskar sjö hundruð krónur í lóðargjald til ríkisins, og er það viðbót við áðurgreinda upphæð.

Þar eð nú finnast fordæmi fyrir svipaðri sölu, t. d. á Siglufirði, vildum við fara þessa á leit.

Rétt væri ef til vill að leita álits viðkomandi ráðherra um undirtektir og afgreiðslu, áður en frumvarp er lagt fram.

Treysti yður til hins bezta í þessu efni.

Virðingarfyllst

Eysteinn Bjarnason,

f. h. hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps.

Til þingmanna Skagafjarðarsýslu, Reykjavík.